

Fundur í Háskólaráði

Dags. 06.10.2025

Staður og tími: Teams kl. 09.00

Málsnúmer: 2412088

Fulltrúar HB: Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Sólveig Hallsteinsdóttir, Andrea Guðmundsdóttir, Erlendur Ingi Jónsson, (Sævar Ari Finnbogason) og Sigrún Lilja Einarsdóttir

Fulltrúar nemenda: Halldóra Hreinsdóttir, Selma Klara Gunnarsdóttir, Lára Sól Hansdóttir.

Áheyrnaraðilar: Anna Þórunn Reynis, Rolando Diaz, Einar Hreinsson, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

Fjarverandi: Vantar enn fulltrúa háskólagáttar, Sunna Dís Jónasdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
 - a. Samþykkt samhljóða
2. Hlutverk háskólaráðs
 - a. Rektor fór stuttlega yfir hvert hlutverk Háskólaráðs er
3. Erindi frá nemendum
 - a. Nemendum fannst ekki nægjanlega góð mæting frá starfsfólki og að það sé sýnilegt á staðlotunum.
 - b. Matarmálin á staðlotu á Hvanneyri þurfa að komast í lag, mötuneytið á Hvanneyri var ekki opið á fyrstu staðlotunni og mun ekki vera í vetur. Kennsluvið vinnur að lausn
 - c. Til máls tóku HLP, SKG, HH, MJN
4. Erindi frá starfsfólki
 - a. Kennarar urðu varir við að nemendum þótti gæta ósamræmis í upplýsingagjöf vegna prófa. Miklar upplýsingar fóru til nemenda vegna innleiðingar á nýju kerfi í yfirsetu. Kennsluvið mun fara yfir ferlið en mikill lærdómur var dregin af notkun á því í fyrstu prófalotu þessa árs.
 - b. Kennslustjóri óskaði eftir viðbrögðum hjá nemendum við Inspera Integrity. Nemendur hafa ekki orðið varir við annað en jákvæð viðbrögð
 - c. Til máls tóku AG, HLP, SKG
5. Skýrsla rektors
 - a. Slit á sameiningarviðræðum við Háskólann á Akureyri
 - b. Fjármögnun skólans verður áskorun á meðan við náum upp nemendatölum yfir þriggja ára tímabili en skólinn stækkaði eins og kunnugt er frá því að vera með 800 nemendur í um 1900 nemendur á einu og hálfu ári. Ákvörðunin um að verða skólagjaldalaus skóli var tekin meðvitað með hag nemenda að leiðarljósi. Þó gengur betur en áætlanir gerðu ráð fyrir að brúa bilið.
 - c. Verið er að efla Endurmenntun og nú er von á mörgum nýjungum þar inni.
 - d. Sala á húsnæði skólans á Bifröst er á dagskrá og hreyfing komin á málið

- e. Verið er að líta til háskólasamfélagsins í Eistlandi eftir heimsókn rektors þangað en mikil gróska er háskólasamfélaginu þar
 - f. Alþjóðavæðing er mikilvæg fyrir háskólasamfélagið en að sama skapi er mikilvægt að velja vel með hverjum við störfum þar sem mikil ásókn er frá nemendum víðsvegar um heim í nám við háskóla í Evrópu.
 - g. Nú förum við í uppbyggingu á Háskólanum okkar því ýmis mál hafa beðið eftir niðurstöðu um hvort sameining verði eða ekki meðal annars heimasíða, ýmis kerfislæg mál og fleira
 - h. Samvinna við Tækniskólann um nám í stjórnun á hafsvæðum er farið í vinnu og verður staðsett undir lagadeild.
 - i. Nýtt nám í fjármálastjórnun mun líta dagsins ljóst næstkomandi haust á meistarastigi í viðskiptadeild
 - j. Til máls tóku SH, SLE, MJN
6. Önnur mál

Fundi slitið kl. 09.47

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir